

Siðareglur Ungmennafélagsins Einherja

Markmið félagsins með tilkomu siðareglna (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar í leik og starfi auk þess að vera hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglur skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og kynntar öllum félagsmönnum.

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

- ✓ Barnið þitt er í íþróttum á eigin forsendum ekki þínum.
- ✓ Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
- ✓ Styðja og hvetja öll börn og ungmenni - ekki bara þín eigin.
- ✓ Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
- ✓ Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
- ✓ Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnun.
- ✓ Læra að meta þátttöku sjálboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
- ✓ Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.
- ✓ Láta vita ef barnið mætir ekki á æfingu eða í keppni.

Iðkandi (yngri) af virðingu við sjálfan/n þig og félagið þitt skaltu hafa í huga að:

- ✓ Gera alltaf þitt besta og taka þátt af þínum forsendum.
- ✓ Virða alltaf reglur og venjur félagsins og sýna ávallt heiðarleika í íþróttum.
- ✓ Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
- ✓ Deila ekki við dómara.
- ✓ Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
- ✓ Vera ávallt stundvís á æfingar og keppni.

Iðkandi (eldri) af virðingu við sjálfan/n þig og félagið þitt skaltu hafa í huga að:

- ✓ Gera alltaf þitt besta.
- ✓ Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbyr.
- ✓ Gera sér grein fyrir hlutverki sínu sem fyrirmyndir, innan vallar sem utan.
- ✓ Bera sjálf/ur höfðuábyrgð á framförum þínum og þroska.
- ✓ Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna leiksins.
- ✓ Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
- ✓ Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
- ✓ Sýna hvorki né samþykkja ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- ✓ Vera heiðarlegur og opin/n í samvinnu við þjálfara og alla þá sem styðja þig.
- ✓ Láta vita ef þú mætir ekki á æfingu eða í keppni.
- ✓ Vinna gegn fordómum, einelti og kynþáttarnið
- ✓ Neyta aldrei ólöglegra lyfja eða vímuefna sem gætu haft áhrif á árangur þinn.

Þjálfari gegnir mikilvægu hlutverki innan félagsins og þarf að hafa í huga að:

- ✓ Koma fram við alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
- ✓ Styrkja jákvæða hegðun og framkomu.
- ✓ Þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda.
- ✓ Vera meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmynd, innan sem utan vallar.
- ✓ Setja ávallt heilsu, heilbrigði og öryggi iðkenda í fyrsta sæti.
- ✓ Sýna aldrei eða leyfa ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- ✓ Virða alltaf reglur og venjur og sýna heiðarleika í íþróttum.
- ✓ Viðurkenna og sýna virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
- ✓ Koma eins fram við alla iðkendur og mismuna engum á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðanna.

- ✓ Tala alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja, áfengis, fíkniefna og tóbaks.
- ✓ Forðast samskipti við iðkendur í gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
- ✓ Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/ hópsíðum sem foreldrar hafa aðgang að.
- ✓ Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
- ✓ Taka ekki að þér akstur iðkenda, hvorki á æfingar né keppni nema með samþykki foreldra.
- ✓ Vera ávallt til fyrirmyndar í hegðun og framkomu, bæði innan sem utan vallar.

Stjórnarmaður/starfsmaður hefur það hlutverk að:

- ✓ Standa vörð um siðareglur og gildi félagsins og sjá um að hvorttveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
- ✓ Koma eins fram við alla sem jafningja og mismuna ekki iðkendum, þjálfurum eða foreldrum á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, þjóðernis, fötlunar, túarbragða eða skoðanna.
- ✓ Virða alltaf reglur og venjur og sýna ávallt heiðarleika í framkomu og starfi.
- ✓ Hafa lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- ✓ Halda félagsmönnum vel upplýstum.
- ✓ Taka alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
- ✓ Hafa ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
- ✓ Reka félagið ávallt eftir löglegum og ábyrgum reikningsaðferðum.
- ✓ Notfæra aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.
- ✓ Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.

Hjarta félagsins eru stuðningsmenn og sjálfboðaliðar, þú sem fulltrúi félagsins þarft að hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Eitt mikilvægasta hlutverk þitt er að hvetja og hrósa.
- ✓ Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðningsmanna sem og leikmenn og þjálfara.
- ✓ Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, mundu að þú ert mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
- ✓ Berðu ávallt virðingu fyrir störfum dómara og þjálfara liðsins.
- ✓ Stuðningsmanni ber ávallt að standa vörð um gildi félagsins jafnt utan vallar sem innan.